

Leikskólinn Heklukot

# Lengi býr að fyrstu gerð

Þróunarverkefni

Sigdís Oddsdóttir verkefnastjóri

Auður Erla Logadóttir leikskólastjóri

Lokaskýrsla  
2013-2015



Leikskólinn Heklukot, Útskálar 2, 850 Hella



Um leikskólann.....	3
Áherslur í starfi.....	3
Skólar á grænni grein.....	3
Heilsustefnan.....	3
Markmið verkefnisins úr umsókn til Sprotasjóðs árið 2013.....	4
Áætlaður afrakstur verkefnisins.....	5
Börnin .....	5
Kennarar .....	6
Foreldrar.....	6
Stiklað á framvindu verkefnisins.....	6
2013-2014.....	6
2014-2015.....	10
Helsti ávinningur .....	11
Helstu hindranir .....	11
Niðurstöður verkefnisins .....	12
Eftirfylgni .....	12
Kynningar á verkefninu .....	13
Lokaorð .....	13
Svipmyndir frá framkvæmdardögum 2014-2015 .....	14

## Um leikskólann

Leikskólinn [Heklukot](#) tók fyrst til starfa sumarið 1974 og var þá rekinn af kvenfélagi Oddakirkju sem starfrækti leikskólann á sumrin. Haustið 1976 tók Rangárvallahreppur við rekstrinum þar til í júní 2002 að Rangárþing ytra tók við.

Á Heklukoti er fjöldi barna um 60-65 á hverju skólaári og fjöldi starfsfólks um 20, í breytilegu starfshlutfalli. Leikskólinn er staðsettur við Útskála 2 á Hellu.

Leikskólanum er skipt í fjórar aldurskiptar deildar. Bangsadeild er fyrir yngstu börnin og geta þau byrjað þar 12-18 mánaða gömul. Fíladeild er fyrir börn 2-4 ára, Trölladeild er fyrir börn 4-5 ára og svo er Pósthúsdeild fyrir elstu börnin.

Leikskólinn Heklukot starfar eftir [Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011](#).

## Áherslur í starfi

Megináherslur í okkar starfi eru:

### Skólar á grænni grein


Á Íslandi eru í gangi mörg verkefni sem lúta að umhverfismennt en eitt þeirra er Skólar á grænni grein og er það alþjóðlegt verkefni. Verkefnið hér á landi er í umsjón Landverndar með stuðningi stjórnvalda og er því ætlað að styðja við og styrkja umhverfismennt í grunn- og leikskólum. Verkefnið er ekki einungis tengt virðingu fyrir náttúru heldur einnig fjölbreytileika mannlífs, lýðheilsu og jafnrétti. Markmið Skóla á grænni grein fela því í sér sambærilegar áherslur og í Aðalnámskrá leikskóla (2011).



### Heilsustefnan

Markmið heilsustefnunnar er að stuðla að heilsuefningu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Öll börn ættu að alast upp við það að læra að virða heilsu sína og annarra sem ómetanleg verðmæti og grundvöll fyrir fullnægjandi lífi. Í heilsuleikskóla er heilsuefning höfð að leiðarljósi í einu og öllu.

Markmið heilsustefnunnar er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Áherslupættir heilsuleikskóla geta verið mismunandi eftir leikskólum en góð næring, góð hreyfing og listsköpun skal ávallt vera aðalsmerki þeirra.



Á Heklukoti er unnið markvisst í umhverfismennt og þá er lögð áhersla á nærumhverfi barnsins, hvort sem það er heimili, leikskóli eða nærsamfélagið. Elstu börn leikskólans sitja í umhverfisnefnd en í henni eiga þau að fá leiðsögn í umhverfismennt og geta komið sínum hugmyndum á framfæri. Í umhverfismennt er aðal áherslan lögð á nærsamfélagið og hvernig börnin geta tekið þátt í að leggja hönd á plóg. Náttúruvísindi tengjast óhjákvæmilega umhverfinu.

Við viljum opna augu barna fyrir hvers kyns vísindum, hvort sem þau eru í formi tilrauna, athugana eða rannsókna. Kennarar leita

eftir hugmyndum barnanna um viðfangsefnið og reyna að skoða það frá sem flestum hliðum. Hluti af þessari vinnu felst í því að börnin rannsaka náttúrufrýrbæri og framkvæma tilraunir. Notast er við [Numicon](#) til að efla skilning barna fyrir mynstrum og tölum.

:

## **Markmið verkefnisins úr umsókn til Sprotasjóðs árið 2013**

Leikskólinn Heklukot áætla að hrinda af stað meðfylgjandi þróunarverkefni sem viðbrögð við þeim áherslum sem getið er um í Aðalnámskrá leikskóla (2011). Þessar áherslur eru m.a. að leiða leikskólann áfram í lýðræðislegum vinnubrögðum, jafnrétti, sköpun og sjálfbærni.

Með virkri þáttöku barna, foreldra/forráðamanna og starfsfólks, viljum við breyta leikskólalóðinni í umhverfi sem styrkir grófhreyfingar barna og skynjun, byggja upp áhuga barnanna á náttúrulegu umhverfi og að efla þáttöku þeirra á ákvarðanatökum er varða leikskólann.

Hugmyndin er að virkja þá einstaklinga sem að leikskólanum koma ( börn, kennarar, foreldrar og nærsamfélagið). Fyrirtækið Sage gardens heldur utan um verkefnið ásamt verkefnastjóra leikskólans, allt frá fyrstu hugmyndum til framkvæmda og síðar mats á verkefninu og útkomu.

Allir þátttakendur í verkefninu hafa jafnan rétt tækifæra (aldur, kyn og staða skipta þar engu um) til að breyta útileiksvæði leikskólans og skapa náttúrulegt umhverfi fyrir börn til að rækta og þroska hæfileika og áhugasvið sín. Börnin verða hvött til að tjá sig um hugmyndir sínar, bæði með teikningum eða að útbúa model af draumagarðinum. Foreldrar og kennarar fá einnig tækifæri á að tjá væntingar sínar. Við lokaskipulagningu verksins verða sameiginlegar ákvarðanir teknar og allir hlutaðeigandi fá að upplifa lýðræðislega þáttöku. Verkefnið tengist einnig mikilvægum þáttum í Aðalnámskrá leikskóla og það er þróun til sjálfbærni. Það er meðal annars gert með því að nálgast náttúrulegan og/eða endurnýtanlegan efnivið úr umhverfinu. Stuðningur samfélagsins er nauðsynlegur til að leysa þetta verkefni vel úr hendi.

## **Áætlaður afrakstur verkefnisins:**

Verkefnið mun veita okkur tækifæri á því að meta þær breytingar sem verða á/í leikskólanum við að skapa heilsusamlega leikskólalóð fyrir börnin í samstarfi við nærsamfélagið. Við trúum því að verkefnið skapi sterkari tengsl milli allra þátttakenda (barna, kennara, foreldra/forráðamanna og nærsamfélagsins)

### **Börnin**

- fá betri tækifæri til að þjálfra gróf- og fínhreyfingar sínar,
- þau fá áhuga á að eyða meiri tíma utandyra ,
- fá betri tengingu við náttúrulegt umhverfi,

- þróa hæfileika hvernig hægt er að vera virkur í samfélaginu,
- verða fær til að tjá sköpunargleði sína og að þeirra innlegg skiptir máli og það er hlustað á þau.

### **Kennarar**

- eru hvattir til að vera virkir þátttakendur í ákvörðunum um sitt vinnuumhverfi.
- Verða sveigjanlegri í að bregðast við þörfum barnanna.
- Hvetja börnin til að vera virk í breytingum á umhverfi sínu.

### **Foreldrar**

- Fá tækifæri til að koma að stefnumótun í náms-og starfsumhverfi leikskólans og síbreytilegum þörfum barna sinna.
- Til verður þekking í leikskólanum til að vinna verkefnið í samvinnu við nærsamfélagið.

Hvernig verður staðið að miðlun á afrakstri verkefnisins?

Vel verður haldið utan um öll gögn er snúa að verkefninu, eins og teikningar, skráningar, ljósmyndir og aðrar upplýsingar sem gætu nýst við kynningu og umfjöllun á því. Í fyrri hluta verkefnisins verða haldnir fundir fyrir foreldra, starfsfólk, börn og bæjarstofnanir. Hægt verður að fylgjast með framvindu verksins á Facebook og einnig á heimasíðu skólans. Á síðari hluta verkefnisins verður gert mat á því. Þá fá börn, starfsfólk og foreldrar tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Önnur áform um kynningu þróast með verkefninu.

## **Stiklað á framvindu verkefnisins**

### **2013-2014**

Það var snemma árs 2013 að ákveðið var að fara í framkvæmdir á leikskólalóð Heklukots. Haft var samráð við forstöðumann áhaldahúss RY og hugmyndin kynnt fyrir sveitarstjórn. Við fengum fyrirtækið [SAGE-gardens](#) í lið með okkur og kynningar voru haldnar fyrir foreldra, börn og starfsfólk. Við byrjuðum strax að hausti með góða kynningu fyrir foreldra, starfsfólk og aðra velunnara leikskólans. Einnig var



sveitarstjórn boðið að koma á kynninguna þar sem þau Sarka og George frá SAGE gardens skýrðu út hugmyndafræðina á bak við verkefnið. Það sem við vildum helst fá út úr verkefninu væru fjölbreyttari leikir barnanna þar sem leikskólalóðin bauð ekki upp á marga möguleika (sjá myndband á Youtube). Við ákváðum í




framhaldinu að sækja um styrk í Sprotasjóð til að fjármagna vinnu verkstjóra (George og Sörku) sem og ýmsan efniskostnað. Umsóknin var samþykkt. Hugmyndin var að verkefnið skilaði samstarfi barna, foreldra og starfsfólks og unnið væri út frá hugmyndum þeirra. Í framhaldinu var haldin hugmyndasmiðja haustið 2013

og gátu þá allir sem vildu, komið með sínar hugmyndir af draumaleikskólalóðinni, hvort sem það var með teikningum eða módelsmíði. Dagurinn heppnaðist í alla staði vel og var mjög góð mæting. Hugmyndir voru númeraðar og skráðar niður. Teknar voru myndir af öllum hugmyndum.





Eftir hugmyndasmiðjurnar var haldið áfram að vinna með hugmyndir, skoða myndir á netinu og gera drög að næstu skrefum. Þau George og Sarka unnu teikningar sem



lagðar voru svo til kynningar fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Kynningin fólst í því að myndirnar voru hengdar upp í salnum og þar gat fólk gefist kostur á að koma með athugasemdir. Hér er hluti af þeim teikningum.



Teikningarnar voru samþykktar snemma árs 2014 og ákveðið var í framhaldinu að hafa framkvæmdardaga 24.-25. maí þar sem vinnan byggðist á þátttöku foreldra, barna og kennara, sem þáðu ekki laun fyrir vinnu sína. Verkefnastjóri (Sigdís Oddsdóttir) hófst handa við að safna hinum ýmsa efnivið, helst gefins. RARIK gáfu okkur 10 rafmagnskefli, þökur fengum við gefins og ýmislegt annað sem nýttist okkur vel. Öll tæki og tól fengum við frí afnot af.

Síðan reið áfall yfir okkur. George féll skyndilega frá vegna veikinda. Það reyndist okkur mjög erfitt og verkefnið okkar var í uppnámi. Við þurftum nú að ákveða hvað við ætluðum að gera, framkvæmdir voru á næsta leiti. Okkur þótti miður að þurfa að leggja árar í bát og ákváðum því að leita allra leiða til að finna nýjan verkstjóra sem gæti hjálpað okkur með þetta. Að lokum fundum við mann að nafni Erling Magnússon, en hann er húsasmíðameistari og þúsundþjalasmiður. Hann var til í að vinna með okkur og framkvæmdadagar voru á dagskrá aftur. Við unnum mikið með handbók BSI á Íslandi um leikvelli og höfðum hana til hliðsjónar á meðan verkinu stóð. Vel var mætt og allir voru duglegir að taka til hendinni. Leikskólinn fékk einnig Grænfánann afhentan þennan dag. Allir sem að verkinu komu þann dag, töldu að það hafi verið vel heppnað í alla staði.



## 2014-2015

Í febrúar 2015 fengum við [BSI](#) á Íslandi til þess að koma og taka út lóðina hjá okkur en þeir koma árlega og taka út leiksvæði á leikskólalóðum. Eftir heimsóknina frá þeim fengum við í hendurnar skýrslu með athugasemdum sem þurfti að laga.

Í kjölfar skýrslunar frá BSI fórum við að skipuleggja framkvæmdadag.

30.maí var framkvæmdadagur í garðinum þar sem börn, foreldrar og starfsfólk mættu og tóku til hendinni við lagfæringar og breytingar, settur var upp annar kastali á lóðinni og rennibraut fyrir yngstu börnin. Ekki náðist að klára allt sem fyrir lá og var áætlaður vinnudagur settur á haustið 2015. Vegna mikilla anna og ýmiskonar utanaðkomandi þátta var ekki unnt að hafa vinnudag haustið 2015. Stefnt er að því að klára frágang á lóðinni vorið 2016.



## Helsti ávinningur

Kennarar og foreldrar eru sammála um að leikur á leikskólalóðinni hafi tekið stakkaskiptum eftir þessar miklu breytingar sem orðið hafa frá því að verkefnið hófst árið 2013. Fyrir breytingarnar var þessi risastóra lóð frekar tilbreytingarlaus og áskoranir fyrir börnin voru af skörnum skammti. Kennarar höfðu á orði að vinsælasti leikur barnanna þess tíma „hlaupa stefnulaust og hrinda leikurinn“ væri gjörsamlega horfinn. Börnin dreifast mun meira um lóðina í ýmsum leikjum og virðast mjög ánægð. Kennarar hafa einnig verið aðeins að þreifa fyrir sér með útikennslu í skýlinu sem byggt var og hefur stærðfræði verið kennd þar auk þess sem eldstæðið hefur verið notað til að grilla brauð ofl. Verkefnið skilur eftir sig jákvæða ímynd því að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi. Einhverjir utanaðkomandi höfðu litla trú á að þetta yrði hvorki fugl né fiskur þar sem erfitt væri að fá fólk í sjálfbóðaliðastörf. Við létum það sem vind um eyru þjóta og héldum okkar striki. Það var mjög ánægjulegt að sjá og finna fyrir miklum áhuga hjá foreldrum og börnum að fá að taka þátt og hafa áhrif á framvindu verkefnisins. Lýðræði, jafnrétti og sjálfbærni voru lykilatriði í verkefnavinnunni.

## Helstu hindranir

Í upphafi var gert ráð fyrir að sérstakt mat yrði gert til að meta fyrir og eftir breytingar. Í upphafi var lagður fram spurningalisti fyrir hópstjóra þar sem átti að fylla út hvernig hópastarf þeir ynnu utandyra (á leikskólalóðinni). Heimtur á svörum gengu frekar erfiðlega sökum tímaskorts. Þau svör sem þó komu voru öll á þá leið að hópastarf utandyra (á leikskólalóðinni) væri fremur tilbreytingarlítið fyrir börn og kennara. Á seinni stigum verkefnisins stóð svo til að afhenda hópstjórum sambærilegar spurningar til að geta greint í hverju munurinn fólst. Af því varð hinsvegar ekki af ýmsum ástæðum sem erfitt var að koma í veg fyrir. Engu að síður er það mat allra kennara innan leikskólans að sjáanlegur munur er á leik og starfi á lóðinni.

Önnur hindrun, og sennilega alvarlegri en sú fyrri, er sú að mjög erfitt hefur verið að fá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í lið með okkur. Undirritaðar hafa oft á tíðum verið milli steins og sleggju vegna úttekta á leikskólalóðinni. Heilbrigðiseftirlitið vill láta fjarlægja allt sem gert var á meðan löggiltir úttektaraðilar leikskólalóða, BSI á Íslandi, vilja það ekki. Boltanum hefur verið kastað oft á milli okkar og þessara aðila. Ágreiningurinn felst aðallega í því hvernig þessir aðilar túlka orðið leiktæki og hvort það sem sett var

Í garðinn þurfi staðlaða merkingu eða ekki. Nú, þegar þetta er skrifað, er svo komið að Umhverfisráðuneytið er komið með málið í sínar hendur, það mun væntanlega skera úr um framhaldið og krossum við fingur og vonum það besta.

## **Niðurstöður verkefnisins**

Helstu niðurstöður þessa verkefnis eru þær að leikur barnanna á útisvæðinu er með allt öðru sniði heldur en áður. Útisvæðið býður nú upp á fjölbreyttari leiki og áskoranir fyrir bæði börn og kennara. Það er eftirtektarvert að börnin dreifa sér nú betur um garðinn og aðstæður bjóða meira upp á sjálfsprottinn og skapandi leik. Svæðið býður nú upp á að kennarar geti unnið meira þar í hópastarfi, hvort sem það er í sköpun, vísindum, útikennslu eða stærðfræði. Mikill áhugi kviknaði hjá kennurum á að verða virkir þátttakendur í verkefninu og fá að hafa áhrif á starfsumhverfi sitt. Við urðum einnig varar við að viðhorf nærsamfélagsins til leikskólans breyttist mjög mikið og barst okkur óvænt hjálp úr ýmsum áttum þegar vinnan í garðinum stóð sem hæst. Hugmyndir kennara um vinnu með börnum í hópastarfi utandyra hafa breyst mjög mikið. Sem dæmi um það hefur skapandi vinna með vatn verið áberandi. Í öllu ferlinu fengu börn, kennarar og foreldrar að taka þátt á mjög lýðræðislegan hátt og tekið var tillit til hugmynda og skoðanna allra aðila sem að verkefninu komu. Við teljum okkur einnig hafa öðlast mikla þekkingu á því hvernig hægt er að virkja nærsamfélagið til samstarfs við okkur á ýmsan hátt.

## **Eftirfylgni**

Til stendur að hafa framkvæmdadag næsta vor og leggja lokahönd á verkefnið. Við viljum halda áfram að þróa starfið okkar með útikennslu, hvort sem það er innan eða utan lóðarinnar. Mikil stemning er fyrir því að nota skýlið meira og í raun líta á það sem auka rými innan leikskólans þar sem hægt væri að fara í skipulagt hópastarf. Á vormánuðum 2016 ætlar allt starfsfólk leikskólans að fara í námsferð til Brighton þar sem m.a. heill dagur verður tekinn í að kynna útikennslu í skógi og þeim aðferðum sem notaðar eru. Markmiðið með þeirri ferð er að starfsfólk bæti við þekkingu sína sem nýtist þeim í starfi m.a. á leikskólalóðinni.

## **Kynningar á verkefninu**

Þann 22.janúar 2014 birtist viðtal við verkefnastjóra verkefnisins í Sunnlenska fréttablaðinu þar sem hugmyndir og áætlanir um verkefnið voru kynntar (sjá fylgiskjal). Viðtalið hlaut töluverða athygli og fengum við m.a. heimsóknir frá öðrum leikskólum á Suðurlandi. Einnig er áhugi á að kynna afrakstur verkefnisins á haustþingi leikskólakennara á Selfossi árið 2016.

## **Lokaorð**

Verkefnið hefur sannarlega verið skemmtilegt og krefjandi í senn. Við höfum á þessum tíma öðlast víðtæka þekkingu á skipulagningu og framkvæmd eins og þessari. Börn, foreldrar og starfsfólk eru almennt mjög ánægð með breytingarnar og stefnan er að halda lóðinni „lifandi“ í framtíðinni, það er að segja, að hlúa að henni, bæta við og breyta.

Sigdís Oddsdóttir, verkefnastjóri

Auður Erla Logadóttir, leikskólastjóri

## Svipmyndir frá framkvæmdardögum 2014-2015



Fyrir breytingarnar leit lóðin okkar einhvernvegin svona út, gríðarlega mikið pláss sem lítið var notað fyrir utan fjórar rólur.





Breytingar eftir fyrstu vinnuhelgina



*Leikskólagarðurinn spilaði aðalhlutverkið þegar sótt var um Grænfánann, enda höfðum við haft sjálfbærni að leiðarljósi við alla vinnu verkefnisins.*